

Föstudaginn 25. apríl 1997.

Nr. 324/1996.

**TB-tæknibúnaður ehf.**

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

gegn

**Almari Grímssyni**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Lausafjárkaup. Verksamningur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1996 og krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 2.824.957 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.766.117 krónum frá 7. mars 1995 til 15. maí sama árs, en af 2.824.957 krónum frá þeim degi til greiðsludags að frádragnum 629.338 krónum, sem greiddar voru 5. nóvember 1996, svo og 16.292 krónur. Til vara krefst hann, að stefndi greiði sér 2.656.623 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 7. mars 1995, en með sama frádrætti og viðbótarkröfu sem í aðalkröfu. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerði upphaflega kröfu um staðfestingu héraðsdóms. Hann gerði dóminn upp með greiðslu á 629.338 krónum 5. nóvember 1996, svo sem krafa áfrýjanda ber með sér. Við munnlegan málflutning breytti hann því kröfu sinni um staðfestingu og krefst nú sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

### **I.**

Í málinu er ágreiningslaust, að 11. janúar 1995 gerði áfrýjandi stefnda reikning nr. 10302, að fjárhæð 1.594.350 krónur, sem greiddur var við framvísun hans 11. eða 13. sama mánaðar. Reikningurinn er fyrir eftirtaldar vörur:

6 stk. tölvur af gerðinni Tatung á 97.900 krónur, alls kr.		587.400
Netkerfi af gerðinni Novell	–	170.000
11 stk. netkort á 10.850 krónur, alls	–	119.350
6 minnisrásir á 19.000 krónur, alls	–	114.000
2 geisladrif á 19.900 krónur, alls	–	39.800
Harður diskur	–	199.850
Afritunarstöð	–	175.360
Varaafgjafi	–	49.900
Skanni	–	90.800
Kapall	–	47.890

Sigurður P. Hauksson, framkvæmdastjóri áfrýjanda, skýrði svo frá fyrir héraðsdómi, að vörur þessar hefðu verið fluttar í starfsstöð stefnda (gamla apótekið) og afhentar þar með reikningnum eða áður en hann var gerður. Framkvæmdastjórinn kveður tveimur af tölvuvélunum sex hafa verið komið fyrir í gamla apótekinu, til þess að starfsmenn stefndu gætu æft sig á þeim, þrjár vélanna hafi verið settar í geymslu í apótekinu, en hin sjötta hafi verið svokallaður netstjóri, sem í málinu er stundum nefndur netþjónn. Síðar hafi netstjórinn ásamt áðurnefndum þremur vélum og meðfylgjandi hugbúnaði verið fluttur í húsakynni Ráðhugbúnaðar hf. í Hafnarfirði, þar sem þær hafi verið til sýnis og kynningar starfsmönnum stefnda, en fyrirtæki þetta annaðist uppsetningu hugbúnaðar á netstjóranum.

Framkvæmdastjóri áfrýjanda skýrði enn fremur svo frá, að 26. janúar 1995 hefði verið ætlunin að flytja vörurnar frá Ráðhugbúnaði hf. í hina nýju lyfjabúð stefnda. Hins vegar hefðu smiðir átt ólokið verkum í húsakynnum hennar og Baldur Magnússon því komið að máli við sig nefndan dag og óskað eftir að koma með vélarnar í verslun áfrýjanda „til þess að prufukeyra þetta“. Hafi þeir tveir unnið fram yfir miðnætti í versluninni við að reyna kerfið.

Aðfaranótt 27. janúar 1995 var brotist inn í verslun áfrýjanda og ýmsu stolið, en málsaðilar deila um, hvaða munir það hafi verið. Áfrýjandi ber, að meðal þýfisins hafi verið vörur þær, sem greinir á reikningnum 11. janúar 1995 að undanteknum nokkrum nánar tilgreindum munum.

Ýmis gögn málsins styðja skýrslur áfrýjanda um þetta, og frásagnir vitnanna Baldurs Magnússonar og Guðmundar Rúnars Bjarn-

leifssonar eru um sumt ótrúverðugar. Engu að síður þykir ekki sannað gegn framburði þessara tveggja vitna, að allar þær vörur, sem áfrýjandi krefur stefnda um greiðslu á, vegna þess að þær hafi glatast við innbrotið, hafi áður verið afhentar stefnda eða sérgreindar til að afhenda honum. Hins vegar hafa bæði vitnin viðurkennt, að netstjórinn hafi verið í versluninni vegna vinnu við hann í þágu stefnda kvöldið fyrir innbrotið. Af þeim sökum bar stefndi samkvæmt reglum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, sbr. einkum 17. gr. þeirra, áhættuna af því, að netstjóranum var stolið.

Áfrýjandi sendi stefnda reikning nr. 10345, dagsettan 7. mars 1995, að fjárhæð 1.530.090 krónur. Hann er annars vegar vegna varnings, samtals að söluverði 1.134.010 krónur, og hins vegar vinnu við netstjóra í 80 klukkustundir, 396.080 krónur. Vörur þessar komu að sögn áfrýjanda í stað þeirra, sem hann heldur fram, að hafi glatast og verið á áhættu stefnda. Héraðsdómur, sem meðal annars var skipaður kunnáttumönnum í tölvunarfræði, telur verð netstjórans og búnaðar, sem honum fylgdi, nema alls 540.960 krónum, og verður sú niðurstaða dómsins staðfest. Verður stefndi því einungis dæmdur til að greiða 540.960 krónur af vöruliðum þessa reiknings. Um vinnulið hans verður síðar fjallað.

## II.

Reikningur nr. 10342, dagsettur 7. mars 1995, að fjárhæð 539.452 krónur, er vegna þriggja 15" tölvuskjáa, eins nettengikassa, þriggja prentara og tveggja húsa fyrir geisladrif. Ágreiningslaust er, að skjáir þeir, sem stefndi fékk, voru 14" að stærð. Samkvæmt reikningnum kostar hver 15" tölvuskjár 47.900 krónur. Í bréfi lögmanns áfrýjanda til stefnda 26. apríl 1995 kemur fram, að staðgreiðsluverð 14" skjás sé 44.900 krónur, en verð eftir verðlista 49.889 krónur. Stefndi hefur ekki leitt í ljós, að umkrafið verð tölvuskjanna sé ósanngjarnt, og verður krafa áfrýjanda fyrir þá tekin til greina. Í símbréfi stefnda til áfrýjanda 19. apríl 1995 viðurkennir stefndi að hafa fengið annan varning, sem talinn er á þessum reikningi. Aðilar eru sammála um, að áfrýjandi tók tvo af prenturunum til baka, og hefur hann dregið verð þeirra frá kröfu sinni, en það nemur alls 198.960 krónum. Stefndi hefur ekki sannað, að hann hafi skilað áfrýjanda öðrum vörum, sem hér um ræðir. Ósannað er, að einhverjar af vörunum hafi

verið gallaðar, svo sem stefndi heldur fram. Ber samkvæmt því, sem nú var rakið, að dæma hann til að greiða 340.492 krónur af reikningnum.

### III.

Reikningur nr. 10343, dagsettur 7. mars 1995, að fjárhæð 300.000 krónur, er fyrir hugbúnaðinn „lyfsalaráð“, en hann er gerður af hlutafélaginu Ráðhugbúnaði og settur upp á netstjóra stefnda, eins og áður greinir. Búnaður þessi er, eins og getur á reikningnum, sölu-, birgða- og bókhaldskerfi fyrir lyfjabúðir. Fyrir liggur reikningur frá Ráðhugbúnaði, sem sýnir, að áfrýjandi keypti búnað þennan hjá félaginu. Hugbúnaðar þessa var getið í tilboði því, sem áfrýjandi gerði stefnda 27. nóvember 1994 og var undanfari kaupa þeirra á vöru og þjónustu, sem mál þetta er risið af. Í símbrefi, sem Ráðhugbúnaður hf. sendi áfrýjanda 20. desember 1994, er þess getið, að Ráðhugbúnaður leggi til allan þann hugbúnað, sem tilgreindur sé í tilboði áfrýjanda til stefnda, og að kerfið verði afhent eigi síðar en 10. janúar 1995. Með þessu og öðru, sem fram er komið í málinu, telst nægilega sannað, að samningurinn hafi tekið til hugbúnaðar þessa. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann geti leyst sig undan þeirri skuldbindingu að greiða áfrýjanda kaupverð búnaðarins. Hefur samstarfssamningur, sem stefndi gerði við Ráðhugbúnað hf. 20. apríl 1995, og ákvæði í honum um, að Ráðhugbúnaður muni „rifta“ samningi við áfrýjanda, engin áhrif á kröfu áfrýjanda á hendur stefnda um réttar efndir kaupsamningsins. Verður krafa áfrýjanda, að fjárhæð 300.000 krónur, því tekin til greina.

### IV.

Reikningur nr. 10387 frá 10. maí 1995, samtals að fjárhæð 58.810 krónur, er fyrir stýrispjalda, kapla og fleira. Hefur vitnið Baldur Magnússon viðurkennt að hafa tekið við varningi þessum fyrir hönd stefnda. Vitnið heldur því jafnframt fram, að það hafi skilað vörum aftur til framkvæmdastjóra áfrýjanda, en engar sönnur eru að því leiddar. Verður stefndi því dæmdur til að greiða reikninginn, en í heildarfjárhæð hans er auk seldra muna vinna og akstur, samtals 2.900 krónur.

Áfrýjandi hefur gert stefnda þrjá reikninga fyrir vinnu, sem hann innti af hendi á grundvelli samnings málsaðila. Með skírskotun til röksemda héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að stefnda beri að greiða áfrýjanda fyrir alla aðra vinnu en þá, sem telja megi sannað, að unnin hafi verið af Baldri Magnússyni, sem í skiptum málsaðila beri að líta á sem starfsmann stefnda.

Umræddir vinnureikningar eru í fyrsta lagi reikningur nr. 10322 frá 26. janúar 1995, að fjárhæð 450.541 króna. Á honum er greint, hvaða starfsmenn hafi innt af hendi vinnu á tímabilinu 18. til 26. janúar 1995 samkvæmt hverjum lið hans að fyrsta lið undanteknum. Fjárhæð hans er 198.040 krónur fyrir 40 klukkustunda vinnu við undirbúning verksins í desember 1994 og janúar 1995, meðal annars afritun gagna stefnda. Er niðurstaða héraðsdóms sú, að andvirði vinnu annarra en Baldurs Magnússonar á tímabilinu 18. til 26. janúar 1995 nemi 133.677 krónum, sem stefnda beri því að greiða. Þegar litið er til framburðar framkvæmdastjóra áfrýjanda og Baldurs um þátt þeirra í hinu umdeilda verki, þykir mega leggja til grundvallar, að þeir hafi hvor um sig lagt fram 20 klukkustunda vinnu samkvæmt umræddum fyrsta lið reikningsins. Ber stefnda því að greiða helming af 198.040 krónum, 99.020 krónur, að viðbættum 133.677 krónum samkvæmt héraðsdómi, það er alls 232.697 krónur.

Annar vinnureikningur áfrýjanda er nr. 10344, dagsettur 7. mars 1995, að fjárhæð 890.164 krónur. Í héraði eru áfrýjanda dæmdar 558.446 krónur af þessum reikningi. Stefndi hefur krafist staðfestingar héraðsdóms, og verður úrlausn hans um þennan reikning staðfest.

Þriðji og síðasti reikningur, sem varðar vinnu áfrýjanda í þágu stefnda, er áður nefndur reikningur nr. 10345 frá 7. mars 1995, samtals að fjárhæð 1.530.090 krónur. Vinnuliður hans nemur 396.080 krónum fyrir 80 klukkustunda vinnu við netstjóra, 4.951 króna á klukkustund. Ekki er greint, hverjir hafi unnið þetta. Á reikningnum er liðurinn nánar skýrður þannig: „Vinna við uppsetningu á móðurvél, frágangur á netspjöldum á móðurvél og vinnustöðvum ásamt uppsetningu á afritastöð á móðurstöð.“ Það er því rangt, sem segir í forsendum héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki sundurliðað þennan vinnuþátt með neinum hætti. Í ódagsettri vinnutímaskýrslu

Baldurs Magnússonar telur hann vinnuframlag sitt við verk samkvæmt þessum reikningi nema 23 klukkustundum. Hefur stefndi í málatilbúnaði sínum lagt til grundvallar, að þessi skýrsla Baldurs sé rétt. Eftir áðurgreindri niðurstöðu þess efnis, að stefnda beri að greiða áfrýjanda fyrir alla aðra vinnu en þá, sem telja megi sannað, að unnin hafi verið af Baldri Magnússyni, verður stefnda gert að greiða fyrir 57 klukkustunda vinnu á 4.951 krónu, alls 282.207 krónur af vinnulið reiknings þessa, auk andvirðis varnings, sem greinir í I. kafla.

## VI.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 2.313.612 krónur (540.960 + 340.492 + 300.000 + 58.810 + 232.697 + 558.446 + 282.207 krónur) að frádregnum greiðslum, sem stefndi innti af hendi upp í kröfu áfrýjanda, alls að fjárhæð 745.170 krónur (250.000 krónur 13. febrúar 1995 og 495.170 krónur 15. maí 1995) eða 1.568.442 krónur með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði, en frá dregst innborgun frá stefnda, 629.338 krónur, sem draga skal frá uppreiknaðri kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi, 5. nóvember 1996.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Almar Grímsson, greiði áfrýjanda, TB-tæknibúnaði ehf., 1.568.442 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.254.802 krónum frá 7. mars 1995 til 13. febrúar sama árs, af 2.004.802 krónum frá þeim degi til 10. maí sama árs, af 2.063.612 krónum frá þeim degi til 15. maí sama árs og af 1.568.442 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Frá framangreindu dragist greiðsla stefnda, 629.338 krónur, upp í kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi innborgunar, 5. nóvember 1996.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. júní 1996.**

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 1996 að lokinni aðalmeðferð, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 29. maí 1995. Gagnstefna er birt 30. ágúst 1995.

Aðalstefnandi og gagnstefndi er TB-tækniþúnaður hf., kt. 660893-2619, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík.

Aðalstefndi og gagnstefnandi er Almar Grímsson, kt. 160442-2049, Háahvammi 7, Hafnarfirði, persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks, kt. 500169-7739, Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefndi verði dæmdur persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks til að greiða aðalstefnanda vangoldna skuld samkvæmt reikningum, að fjárhæð 2.824.957 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 10., sbr. 12. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, af 2.766.117 kr. frá 7. mars 1995 til 15. maí 1995, en af 2.824.957 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að aðalstefndi verði dæmdur persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks til að greiða aðalstefnanda 16.292 kr., sem eru dráttarvextir af 495.170 kr. fyrir tímabilið frá dagsetningu viðkomandi reikninga til 15. maí 1995.

Enn fremur er þess krafist, að aðalstefndi verði dæmdur persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks til að greiða aðalstefnanda málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur aðalstefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda. Til vara er þess krafist, að verði aðalstefndi dæmdur til einhverra greiðslna til aðalstefnanda, verði honum heimilt að skuldajafna þar á móti allt að 85.300 krónum auk dráttarvaxta frá 15. maí 1995 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að aðalstefnda verði tildæmdur úr hendi aðalstefnanda málskostnaður að skaðlausu auk virðisaukaskatts eða samkvæmt málskostnaðarreikningi, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá fimmtánda degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda 85.300 kr. auk dráttarvaxta af fjárhæðinni frá 15. maí 1995 til greiðsludags og enn fremur málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur gagnstefnda eru þær, að hann verði sýknaður af dómkröfum gagnstefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Leitað var sátta í málinu án árangurs.

## I.

*Málavextir.*

Málavextir eru þeir helstir, að 27. nóvember 1994 gerði aðalstefnandi aðalstefnda tilboð um að selja aðalstefnda tölvubúnað fyrir ákveðið verð, og var gerður munnlegur kaupsamningur með aðilum um kaupin. Þá skyldu aðalstefnandi og umboðsmaður aðalstefnda, Baldur Magnússon, vinna við uppsetningu hins keypta tölvubúnaðar.

Reikningur fyrir þennan búnað er nr. 10302, dagsettur 11. janúar 1995, að fjárhæð 1.594.350 kr., og var hann greiddur sama dag. Í desember hafði aðalstefndi greitt reikning, að fjárhæð 150.000 kr., fyrir tvo 17" skjái.

Af hálfu aðalstefnanda og Baldurs Magnússonar var unnið að uppsetningu gagna og forrita aðalstefnda á netstjórnann 18. til 26. janúar 1995. Reikningur vegna þessa er nr. 10322, að fjárhæð 450.541 kr., dagsettur 26. janúar 1995. Aðalstefndi greiddi aðalstefnanda 250.000 kr. 13. febrúar.

Vinna við uppsetningu hugbúnaðarins Lyfsalaráðs fór fram í starfsstöð Ráðhugbúnaðar hf. Aðfaranótt 27. janúar 1995 var brotist inn í húsnæði aðalstefnanda að Suðurlandsbraut 12 í Reykjavík og tölvubúnaði stolið. Aðalstefnandi hafði ekki á þessum tíma tryggingu, sem bætti tjónið.

Aðalstefnandi gerði aðalstefnda reikninga vegna þessa, sem eru nr. 10342, að fjárhæð 539.452 kr., nr. 10344, að fjárhæð 890.164 kr., og nr. 10345, að fjárhæð 1.530.090 kr., allir dagsettir 7. mars 1995. Reikningur vegna hugbúnaðar er nr. 10343, að fjárhæð 300.000 kr., dagsettur sama dag. Reikningur vegna stærra stýrisspjalds er nr. 10387, að fjárhæð 58.840 kr., dagsettur 10. maí 1995.

Eftir nokkur bréfaskipti greiddi aðalstefndi aðalstefnanda 495.170 kr. 17. maí 1995. Aðalstefnandi tók við greiðslunni með þeim fyrirvara, að um væri að ræða innborgun, og höfðaði síðan mál þetta til greiðslu eftirstöðvanna.

## II.

Aðalstefnandi styður kröfur sínar því, að aðalstefndi hafi ekki greitt fyrir tölvubúnað og vinnu við uppsetningu Novell-netkerfis, sem hann keypti af aðalstefnanda. Krafa um greiðslu fram lagðra reikninga sé reist á reglum samningaréttar um, að samninga skuli halda. Aðilar málsins hafi samið í samræmi við fram lagt tilboð stefnanda, og reikningar séu í samræmi við samning þeirra.

Aðalstefnandi heldur því fram, að með fyrri innborgun aðalstefnda 13. febrúar 1995, að fjárhæð 250.000 kr., hafi aðalstefndi viðurkennt greiðsluskyldu sína fyrir vinnu við verkið. Ekki hafi verið ljóst, fyrir hvaða vinnuframlag innborgun frá 17. maí 1995 hafi verið, en greiðslan hafi verið bókuð

sem greiðsla eftirstöðva elsta vinnureikningsins og innborgun inn á næsta vinnureikning auk greiðslu fyrir einn prentara, sem aðalstefndi hafði boðist til að greiða í símbréfi 19. apríl 1995.

Kröfu sína um dráttarvexti styður aðalstefnandi við vaxtalög nr. 25/1987 og kröfu um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991.

Aðalstefndi kveður tilboði á dskj. nr. 3 ekki hafa verið tekið, og hafi pöntunin verið nokkuð breytt frá því, sem þar komi fram. Sá búnaðar, sem aðalstefndi, Almar, pantaði, hafi verið greiddur samkvæmt reikningi aðalstefnanda, að fjárhæð 1.594.350 kr. Aðalstefndi hafi þó ekki fengið allan búnaðinn afhentan fyrr en í febrúar 1995, og aldrei hefði hann fengið annað af tveimur CD-drifum photo CDX2 speed, sem tilgreind séu á dskj. nr. 4, að fjárhæð 19.900 kr. hvort. Þá mótmæli aðalstefndi því, að búnaðurinn hafi verið afhentur sér tilbúinn til notkunar 11. janúar 1995. Tölva, harður diskur, „disk controler“, afritunarstöð, Novell-hugbúnaður og 16 mb innra minni til uppsetningar netstjóra og varaafgjafi hafi verið afhent í febrúar 1995.

Aðalstefndi mótmælir því, að starfsmenn aðalstefnanda hafi unnið við að setja upp gögn og forrit í hinn nýja búnað á tímabilinu 18. til 26. janúar 1995, og jafnvel þótt svo hefði verið gert, hefði það verið án samráðs við sig og sér óviðkomandi. Þeir Sigurður P. Hauksson og Baldur Magnússon hefðu átt að vinna þetta verk fyrir sig, og ljóst sé, að Baldur hafi hvorki unnið að verkinu sem launþegi eða starfsmaður aðalstefnanda né Sigurðar.

Aðalstefndi kveðst mótmæla því, að öllum búnaði sínum hafi verið stolið úr húsnæði aðalstefnanda, þegar innbrot var framið þar. Á dskj. nr. 21 komi fram yfirlýsing Guðmundar Bjarnleifssonar um, að eini búnaðurinn, sem tilheyrði Hafnarfjarðarapóteki og verið hafi í húsakynnum aðalstefnanda, hafi verið netþjónn, uppsettur og frágenginn. Aðalstefndi bendi einnig á, að búnaðurinn hafi á þessum tíma verið í vörslu og þar með á ábyrgð seljanda vörunnar, aðalstefnanda.

Aðalstefndi kveður skuldajafnaðarkröfu sína þannig til komna, að hann eigi inni hjá aðalstefnanda 85.300 kr., og er sú krafa jafnframt gagnstefnukrafa hans. Verða henni gerð skil hér á eftir í kaflanum um málsástæður og lagarök gagnstefnanda í máli þessu.

Að því er varðar vinnureikninga aðalstefnanda, kveður aðalstefndi Baldur Magnússon hafa verið ráðgjafa aðalstefnda og tengilið sinn við Ráðhugbúnað hf. við athugun og undirbúning að uppsetningu nýs tölvubúnaðar hjá sér. Hann hafi síðan fengið Sigurð P. Hauksson til liðs við sig, og hafi þeir síðan unnið saman fyrir aðalstefnda við tölvubúnaðinn. Þær fjárhæðir á vinnureikningum aðalstefnanda, sem aðalstefndi telji sig eiga að borga, eigi

því að skiptast til helminga milli þeirra tveggja, og hafi aðalstefnandi enga heimild til að krefja aðalstefnda um greiðslu vegna vinnu Baldurs.

Eftir að búnaði aðalstefnda hafði verið stolið hjá aðalstefnanda, hafi aðalstefnandi tekið einhliða þá ákvörðun að kaupa aðra tegund af netstjóra en áður var kominn og búið að setja upp. Aðalstefnanda hafi hins vegar borið að afhenda aðalstefnda þann búnað, sem aðalstefndi hafði þegar borgað fyrir, og sjá um uppsetningu hans. Allur kostnaður við kaup og uppsetningu nýs netstjóra og ákvörðun um kaup á nýrri tegund sé því á ábyrgð aðalstefnanda og aðalstefnda óviðkomandi.

Aðalstefndi bendir á, að fram lögðum reikningum aðalstefnanda fylgi engar vinnuskýrslur.

Reikningur nr. 10322, að fjárhæð 450.541 kr., dagsettur 26. janúar 1995, sé vegna framangreindrar vinnu, en aðalstefndi hafi greitt aðalstefnanda 250.000 kr. inn á þennan reikning 13. febrúar s. á. Sú innborgun hafi þó ekki haft í för með sér viðurkenningu aðalstefnda á öllum vinnureikningum aðalstefnanda, heldur hafi þetta verið greiðsla inn á þennan ákveðna reikning, svo sem tilgreint hafi verið á gíróseðli. Aðalstefndi hafi síðan greitt aðalstefnanda hans hluta þessa vinnureiknings með 232.697 kr., og hafi þá verið miðað við, að tímarnir hafi verið 47 á hvorn þeirra Baldur og Sigurð, samtals 94 klst., sem sé þremur tímum meira en reikningurinn geri ráð fyrir. Frá þessari fjárhæð hafi aðalstefndi dregið 50.000 kr., sem hann hafi talið aðalstefnanda hafa greitt Baldri vegna þessarar vinnu, en síðan hafi komið í ljós, að það hafi verið vegna annars verks. Þannig sé greiðsla aðalstefnda vegna þessa reiknings  $250.000 \text{ kr.} + 232.697 \text{ kr.} - 50.000 \text{ kr.} = 447.550 \text{ kr.}$  (?). Hér sé um að ræða ofgreiðslu aðalstefnda á hlut aðalstefnanda í reikningnum um 214.853 kr. ( $447.550 \text{ kr.} - 232.697 \text{ kr.} = 214.853 \text{ kr.}$ ).

Reikningi nr. 10344 frá 7. mars 1995, að fjárhæð 890.164 kr., og vinnulið reiknings nr. 10345 frá sama degi, að fjárhæð 396.080 kr., sé mótmælt sem röngum og allt of háum að tímafjöldi. Vinnustundir séu þar taldar samtals 293 klst. Samkvæmt sundurliðaðri vinnuskýrslu Baldurs Magnússonar hafi vinna hans fyrir sama verk numið 43 klst. Þar eð þeir Sigurður hafi unnið saman að verkinu, verði að telja Sigurð hafa unnið sama tímafjöldi og Baldur. Heildartímafjöldi þeirra beggja ætti því að vera 86 klst., og munar þá samtals 207 klst. Samtals geri 86 klst. vinna á 4.951 kr. á klst. 425.786 kr., 212.893 kr. fyrir hvorn þeirra. Þessa fjárhæð hafi aðalstefndi þegar greitt aðalstefnanda 15. maí 1995, og sé það fullnaðargreiðsla vegna Sigurðar, en aðalstefndi muni sjálfur sjá um að greiða Baldri hans hluta.

Aðalstefndi kveðst mótmæla þeirri fullyrðingu Sigurðar P. Haukssonar á dskj. nr. 14, að farið hafi verið með netstjórnann til Tæknivals hf. vegna

rangrar uppsetningar. Eins og fram komi í skýrslu Guðmundar Bjarnleifssonar, hafi þetta aldrei gerst, enda hafi netstjórinn starfað rétt.

Aðalstefndi mótmæli einnig sérstaklega greiðslum vegna vinnu annarra í þágu aðalstefnanda, til dæmis 23 klst. vinnu Baldurs Magnússonar fyrir aðalstefnanda, sem tilgreind er á dskj. nr. 22.

Reikningi nr. 10343 frá 7. mars 1995, að fjárhæð 300.000 kr., fyrir hugbúnað sé mótmælt sem röngum. Aðalstefnda hafi aldrei verið tilkynnt, að hann þyrfti að inna af hendi greiðslu vegna hugbúnaðar við kaup sín á búnaði frá aðalstefnanda. Hins vegar hafi aðalstefndi reifað þá hugmynd við aðalstefnanda og Ráðhugbúnað hf. í desember 1995, að þessir þrír aðilar ynnu sam-eiginlega að gerð hugbúnaðar, sem gerður væri samkvæmt þeirri reynslu, sem fengist með samtengdu lyfseðla- og sölukerfi hjá aðalstefnda, og hafi aðalstefndi lagt fyrir fyrirtækin tvö að gera drög að samningi um þessa samvinnu. Slíkur samningur hafi hins vegar aldrei verið gerður, en fyrirtækin hefðu gert kostnaðaráætlun fyrir aðalstefnda um hugsanlega kostnaðarhlutdeild hans í gerð slíks hugbúnaðar. Aðalstefndi og Ráðhugbúnaður hf. hafi síðan gert með sér samning um lyfsöluhugbúnað, en síðar hafi Ráðhugbúnaður hf. sagt þeim samningi upp og gert samstarfssamning við aðalstefnda 20. apríl 1995 um slíkan hugbúnað. Krafa aðalstefnanda um greiðslu vegna hugbúnaðar sé því ekki á rökum reist.

### III.

Um málsástæður vísar gagnstefndi til greinargerðar sinnar í aðalsök. Hann útlistar kröfu sína í gagnsök með eftirfarandi hætti:

Keyptur búnaður skv. reikn. nr. 10302 (dskj. nr. 4)	kr. 1.594.350	
Ekki afh. af stefnanda eitt CD-drif Photo CDX2 speed		kr. 19.900
Greitt af stefnanda 13. 1. '95		– 1.594.350
Einn prentari, Epson M80P Term. (dskj. nr. 6)	– 99.480	
Þrír tölvuskjáiir 14" á 44.900 kr. stk.	– 134.700	
Vinna skv. reikn., dags. 26. 1. '95 (dskj. nr. 5), hlutur stefnanda 50% eða 47 tímar á 4.951 kr.	– 232.697	
Vinna skv. reikn., dags. 7. 3. '95 (dskj. nr. 8), hlutur stefnanda 50% eða 43 tímar á 4.951 kr.	– 212.893	

Greitt af stefnda 13. 2 '95		–	250.000
Greitt af stefnda 15. 5. '95		–	495.170
Mismunur, inneign stefnda hjá stefnanda	–	85.300	
	kr. 2.359.420		kr. 2.359.420

Gagnstefnandi reisir gagnkröfur sínar á því, að hann hafi sannanlega ofgreitt gagnstefnda hina umstefndu fjárhæð. Gagnstefndi hafi hvorki skrifað rétta né fullnægjandi reikninga, meðal annars vöru- og vinnureikninga, eftir að innbrot var framið, svo og reikninga fyrir tölvuskjái, þar sem gagnstefndi tilgreini 15" skjái á reikningi sínum, þegar seldir hafi verið 14" skjáir. Þá hafi gagnstefndi skrifað sameiginlega vinnureikninga bæði fyrir sig og Baldur Magnússon, en til þess hafi hann ekki haft heimild. Á þessu síðasttalda at-riði hafi gagnstefnandi ekki áttað sig í fyrstu og því greitt gagnstefnda eins og hann væri að gera upp vinnuna við báða. Þá hafi greiðsla 13. febrúar 1995, að fjárhæð 250.000 kr., verið innt af hendi sem „slumpinnborgun“ að beiðni gagnstefnda, án þess að frammi lægju endanlegir reikningar. Af hálfu gagnstefnanda er því einnig haldið fram, að hefðu reikningar gagnstefnda verið rétt skrifaðir, hefði hann átt að sjá, að um ofgreiðslu var að ræða, og því ekki verið í góðri trú, þegar hann tók við lokagreiðslu frá gagnstefnanda 15. maí 1995.

Gagnstefndi styður sýknukröfu sína í gagnsök við það, að gagnstefnandi hafi samið við gagnstefnda um kaup á tölvubúnaði og vinnu, og hafi hann í upphafi greitt gagnstefnda í samræmi við það. Athugasemdum gagnstefnanda svarar gagnstefndi á þann hátt, að varðandi drif samkvæmt fram lögðum reikningi nr. 10302 hafi bæði drifin verið sett í tvær af TCS 9545-tölvunum, er þeim var stolið, enda hafi reikningurinn verið greiddur að fullu.

Um reikning nr. 10322 vegna vinnu er því haldið fram, að gagnstefnandi sé greiðsluskyldur gagnvart gagnstefnda, sem tekið hafi að sér verkið. Gagnstefndi hafi greitt Baldri Magnússyni 50.000 kr. inn á vinnu hans, og sé útreikningi gagnstefnanda í greinargerð hans í aðalsök mótmælt sérstaklega og skorað á hann að skýra hann nánar.

Þá gerir gagnstefndi athugasemdir við fullyrðingar gagnstefnanda um reikning nr. 10342. Um skjáina sé það að segja, að listaverð fyrir 14" skjái sé hærra en tilboðsverðið á 15" skjáum, og hafi gagnstefnanda verið boðið að bakfæra reikning þannig, að hann fengi 14" skjáina á tilboðsverði, ef hann gerði upp eftirstöðvar skuldarinnar, en það hefði ekki verið gert. Fullyrðingu gagnstefnanda um gallaðan nettengikassa sé mótmælt með vísan til

fram lagðs vottorðs frá Nýherja hf. Þá kveður gagnstefndi búið að bakfæra kröfu vegna tveggja prentara, sem gagnstefnandi geri athugasemd við, en kveður hús á CD-drif hafa verið afhent gagnstefnanda.

Um reikning nr. 10343 vegna hugbúnaðar, að fjárhæð 300.000 kr., er því haldið fram, að gagnstefnandi hafi tekið búnaðinn í notkun, enda fullyrt, að sala í apótekinu hafi aukist til muna síðan. Uppgjör milli gagnstefnda og Ráðhugbúnaðar hf. vegna hugbúnaðarins sé máli þessu óskýlt. Umsamin greiðsla til Ráðhugbúnaðar hf. vegna þessa búnaðar hafi verið 280.000 kr., og hafi gagnstefndi greitt inn á þann reikning með afhendingu á tölvu, 141.900 kr. Ráðhugbúnaður hf. hafi síðan af óskiljanlegum ástæðum rift samningi fyrirtækjanna um dreifingu hugbúnaðarins og gert gagnstefnda fram lagðan kreditreikning.

Þá mótmælir gagnstefndi því, að Guðmundur Bjarnleifsson hafi verið framkvæmdastjóri TB-tækibúnaðar hf., enda hafi Sigurður P. Hauksson verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá upphafi. Þá er því mótmælt, að aldrei hafi verið farið með netstjórnann til Tæknivals, en það hafi verið gert vegna hugmynda Baldurs Magnússonar um uppsetningu hans. Einnig er því mótmælt, að gagnstefnanda hafi verið seld önnur tegund af netstjóra eftir innbrotið en í upphafi. Mótmælt sé hugleiðingum um, hverju hafi verið stolið í innbrotinu. Tvær TCS 9510T66-tölvur hefðu verið afhentar gagnstefnanda í eldra húsnæði apóteksins fyrir innbrotið auk skanna. Fjórum TCS 9545-tölvum hafi verið stolið í innbrotinu, og hafi ein þeirra verið netstjórnin, og í hann hefði verið sett megnið af þeim búnaði, sem tiltekinn væri á reikningi nr. 10302. Varaafgjafa og kapli hafi þó ekki verið stolið, enda standi varaafgjafinn sjálfstætt. Munir þessir hafi því verið settir upp í apótekinu eftir innbrotið.

#### IV.

Ágreiningslaust er, að vörur samkvæmt fram lögðum reikningi nr. 10302 voru að fullu greiddar. Hins vegar er ágreiningur með aðilum um það, hvort vörurnar voru afhentar fyrir eða eftir innbrot í starfsstöð aðalstefnanda aðfaranótt 27. janúar 1995. Þá er einnig ágreiningur með aðilum um reikninga vegna vinnu við hinn keypta tölvubúnað.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að hluti tölvubúnaðarins hafi verið afhentur við útgáfu reiknings nr. 10302, dags. 11. janúar 1995. Það hafi verið sá hluti búnaðarins, sem þurfti, til að Ráðhugbúnaður hf. gæti unnið við uppsetningu hugbúnaðarins. Hinn 26. janúar 1995 hafi búnaðurinn verið til reiðu fyrir aðalstefnda, en hann hafi óskað eftir því, að búnaðurinn yrði fluttur í húsnæði aðalstefnanda til bráðabirgða. Aðalstefndi hefur mótmælt

þessari útlistun aðalstefnanda og kveður búnaðinn ekki hafa verið tilbúinn, því að enn hafi verið unnið við hann í húsnæði aðalstefnanda kvöldið fyrir innbrotið.

Vitnið Guðmundur Rúnar Bjarnleifsson kom fram sem fulltrúi aðalstefnanda gagnvart aðalstefnda veturinn 1994 til 1995, þótt aðila greini á um stöðu hans gagnvart aðalstefnanda. Aðalstefnandi kveður Guðmund Rúnar hvorki hafa verið starfsmann hjá fyrirtækinu né framkvæmdastjóra þess, heldur hafi hann lagt fé til rekstrarins, en sjálfur taldi Guðmundur Rúnar sig vera starfsmann fyrirtækisins. Hann staðfesti fram lagða yfirlýsingu sína og bar fyrir dóminum, að vörur samkvæmt reikningi nr. 10302 hefðu ekki verið afhentar við útgáfu hans. Þá kom fram í skýrslu hans, að netþjónninn hefði verið í húsakynnum aðalstefnanda nóttina, sem brotist var þar inn, en annað ekki af því, sem tilheyrði aðalstefnda.

Vitnið Baldur Magnússon bar fyrir dóminum, að hann hefði unnið með Sigurði P. Haukssyni, fyrirsvarsmanni aðalstefnanda, við tölvubúnaðinn kvöldið fyrir innbrotið á starfsstöð aðalstefnanda að Suðurlandsbraut 12. Hafi vitnið sjálft óskað eftir því, að búnaðurinn yrði fluttur í húsnæði aðalstefnanda, enda hefði enn verið eftir að vinna eitthvað við búnaðinn, og hafi hann verið að „kópiera fyrir“ Almar. Uppsetningu netþjónsins hefði lokið, þegar liðið var fram á aðfaranótt 27. janúar 1995, innbrotsnóttina, og hefði aðalstefndi, Almar, því ekki verið látinn vita um, að netþjónninn væri tilbúinn til afhendingar þá. Aðspurður bar Baldur, að sú vinna hefði getað farið fram í apóteki aðalstefnda. Aðalstefndi bendir á, að Baldur Magnússon hafi verið ráðgjafi sinn og starfsmaður í þessum tölvuviðskiptum. Þá kom fram í skýrslu Baldurs Magnússonar, að aðrar vörur en netþjónninn hefðu verið afhentar aðalstefnda helgina eftir innbrotið. Þá hefði aðalstefnandi séð um að senda þær til Hafnarfjarðar.

Með hliðsjón af vitnisburði framangreindra vitna verður að telja, að sú fullyrðing aðalstefnanda, að allar vörur samkvæmt fram lögðum reikningi nr. 10302 hafi verið afhentar við útgáfu hans, sé ósönnuð. Með tilliti til þessa og þess, að Baldur Magnússon var fulltrúi stefnda, verður að fallast á það með aðalstefnanda, að afhending netstjórans hafi farið fram fyrir innbrot í starfsstöð aðalstefnanda og því á ábyrgð aðalstefnda. Verður því að líta svo á, að aðalstefndi beri áhættuna af því, að netstjóranum ásamt þeim búnaði, sem honum fylgdi, var stolið umrædda nótt. Aðalstefnda ber því að greiða aðalstefnanda 540.960 kr. af reikningi nr. 10345, en ekkert af reikningi nr. 10342.

Um hugbúnaðinn, að fjárhæð 300.000 kr., kom það fram í máli vitnisins Baldurs, að sá hugbúnaður væri viðskiptahugbúnaður, lagaður að þörfum

apóteksins af Ráðhugbúnaði hf. Ráðhugbúnaður hf. hefði algerlega séð um sinn þátt í að setja hugbúnaðinn upp á netþjóninn. Allur hugbúnaðurinn hefði því komið frá Ráðhugbúnaði hf. Þykir því ekki sannað, að aðalstefnda beri að greiða fyrir umþráttan hugbúnað samkvæmt reikningi nr. 10343.

Um CD-drifin tvö kveður vitnið Baldur, að þau hafi verið sett í tvær tölvur eftir innbrotið, en ekkert CD-drif hafi verið sett í tölvurnar fyrir innbrot. Verður að miða við þennan framburð vitnisins, enda fullyrðingar aðalstefnanda um annað ósannaðar.

Ósannað verður að telja, að aðalstefnda beri að greiða samkvæmt reikningi nr. 10387, en vitnið kveðst hafa skilað aðalstefnanda aftur umræddum hlutum, sem hefðu verið fengnir vegna afritunarstöðvar, er síðan hefði ekki verið unnt að nota. Verður aðalstefndi því ekki dæmdur til greiðslu samkvæmt reikningi nr. 10387.

Að því er varðar vinnuþátt hinna umstefndu reikninga, er viðurkennt af aðalstefnda, að hin umbeðna vinna við tölvubúnaðinn í apótekinu hafi verið unnin. Hins vegar er tímafjöldi vinnustunda mótmælt og því mótmælt sérstaklega, sem aðrir en þeir Sigurður og Baldur hafi unnið. Ekki hafa komið fram sérstakar kvartanir vegna vinnu þeirra Hjálms Þorsteins Sigurðssonar, Einars Baldurssonar og Bjarka Sigurðssonar, sem unnu við flutning og uppsetningu á tölvubúnaðinum og frágang á lögnum í húsnæði aðalstefnda. Með vísan til þessa og þess, að umboðsmaður aðalstefnda við verkið, Baldur Magnússon, fylgdist með verkinu allan tímann án þess að kvarta við aðalstefnanda, verður ekki talið, að efni séu til annars en fallast á þá kröfu aðalstefnda, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda samkvæmt fram lögðum vinnureikningum. Þó verður ekki talið, að aðalstefnda beri að greiða þá hluta þeirra reikninga, sem sannanlega eru vegna vinnu vitnisins Baldurs, er telja verður starfsmann aðalstefnda, en ekki starfsmann aðalstefnanda, eins og áður er fram komið. Er það því niðurstaða dómsins, að aðalstefnda beri að greiða 133.677 kr. vegna reiknings nr. 10322 og 558.446 kr. vegna reiknings nr. 10344.

Þá verður ekki heldur talið, að aðalstefnda beri að greiða vinnuþátt umstefnds reiknings nr. 10345, sem talinn er vera útseld vinna við „server“ í 80 klukkustundir, samtals 396.080 kr. Aðalstefnandi hefur ekki sundurliðað þennan vinnuþátt með neinum hætti, og verður því gegn mótmælum aðalstefnda að telja þennan kröfulið órökstuddan og hafna honum.

Að því er varðar gagnkröfu gagnstefnanda, verður að fallast á það með gagnstefnda, að hún sé ekki að öllu leyti skýrlega fram sett, og með vísan til þess, sem að framan er rakið, kemur hún ekki til álita hér.

Að öllu þessu virtu er það niðurstaða dómsins, að aðalstefnda beri að

greiða aðalstefnanda 487.913 kr. með dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Hefur þá verið tekið tillit til innborgana aðalstefnda, að fjárhæð 250.000 kr. 13. febrúar 1995 og að fjárhæð 495.170 kr. 15. maí 1995.

Krafa aðalstefnanda um dráttarvexti af 495.170 kr. fyrir tímabilið frá dagsetningu viðkomandi reikninga til 15. maí 1995 verður ekki tekin til greina, þar sem ljóst er, að innborgun aðalstefnda 13. febrúar 1995 var umfram skyldu samkvæmt niðurstöðu dómsins.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af því, bæði í aðalsök og gagnsök.

Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Jóhanni P. Malmquist, prófessor í tölvunarfræði, og Bjarna Júlíussyni tölvunarfræðingi.

#### D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Almar Grímsson persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks, greiði aðalstefnanda, TB-tækniúnaði hf., 487.913 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 983.083 kr. frá 7. mars 1995 til 15. maí sama ár, en af 487.913 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

---